

Félagsmálaráðuneyti
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt 26. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Stjórn samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu fjallaði um frumvarpið á fundi sínum þann 12.júní sl. og var ákveðið að senda inn umsögn.

Samtökin taka af heilum hug undir þau markmið frumvarpsins sem fram koma í 1. gr. þ.e. að fylgjast með velferð og farsæld barna, meta þörf fyrir þjónustu og bregðast við á skilvirkan hátt með samfelldri og samþættri þjónustu. Sveitarfélögin hafa mörg hver verið að breyta verklagi sínu og leggja áherslu á samvinnu, samþættingu og stuðning á fyrri stigum og fellur efni frumvarpsins því vel að þeirri vinnu.

Í III. Kafla frumvarpsins er fjallað um stigskiptingu þjónustunnar og mætti þar skilgreina betur hvernig þjónusta við börn flokkast í þeirri stigskiptingu. Hér er um mikilvægt ákvæði að ræða og grunnur að þeirri vinnu sem framundan er þegar frumvarpið verður að lögum. Þetta þarf að vera skýrt.

Gæta þarf að persónuverndarsjónarmiðum en sveitarfélögin hafa unnið með miðlun upplýsinga á grunni félagsþjónustulaga. Miðlun upplýsinga sem og vinnslan á sér stað í samræmi við persónuverndarlög og því upplýsingum eingöngu miðlað til þeirra aðila er þurfa á þeim að halda til að veita lögbundna þjónustu og foreldrar upplýstir í samræmi við persónuverndarlög. Gæta þarf að því að verði frumvarpið að lögum að slík samþætting og miðlun persónuupplýsinga verði heimili en ekki sett upp ný hindrun í samþættingu í þjónustu í þágu barna sem gæti haft neikvæð áhrif á starf í sveitarfélögunum.

Gæta þarf að því að svæðisbundnu farsældarráðin verði ekki of umfangsmikil og þung í vöfum.

Gera þarf ítarlega kostnaðargreiningu á frumvarpinu og sveitarfélögin verða að fá nægt fjármagn til að takast á við ný verkefni. Að öðrum kosti verður ekki hægt að vinna skv. ákvæðum frumvarpsins.

Farsældarhugtakið hefur vakið upp vangaveltur en velferðarhugtakið hefur þótt ná vel utan um félags-, skóla- og heilbrigðisþjónustu. Er hér hvatt til þess að velferð verði notað í stað farsældar.

Stjórn Samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu vill lýsa yfir ánægju sinni með framkomið frumvarp. Mikil vinna er að baki og fjölmargir hafa fengið að koma að þeirri vinnu. Þegar frumvarpið verður að lögum er nauðsynlegt að fara í umfangsmikið kynningar- og fræðsluáttak þannig að það fagfólk sem vinnur í velferðarþjónustu í þágu barna nái að tileinka sér þær nýjungar sem fram koma í frumvarpinu. Umfram allt þarf að gæta þess að öll sú vinna sem átt hefur sér stað og hugmyndafræðin sem liggur að baki frumvarpinu skili sér til allra sem að málefnum barna koma.

23.júní 2020

Stjórn samtaka stjórnenda í velferðarþjónustu